




Byggðapróun á

Austurlandi

Þetta er stutt greinargerð um hagi íbúa á Austurlandi, á uppkomustað sólar, í fegurð fjarða og dala



Íslandi var frá upphafi skipt í fjórðunga:

Suðurland,
Vesturland,
Norðurland og
Austurland.


Af þeim hefur
Austurland
löngum verið
strálbýlast, nú
með einungis 3%
íbúa landsins

Byggðapróun á Austurlandi

- Það er óhætt að fullyrða, að jákvæð þróun hvers landssvæðis sýni sig fyrst og fremst í heilbrigðri aukningu íbúafjölda þess, sem er afleiðing nægrar atvinnu, almennrar velmegunar og vellíðanar íbúanna.
- Þessi greinargerð mun því einkum fjalla um þróun íbúafjölda Austurlands á undanförnum áratugum, og rætur hennar í umbreytingum atvinnuvega, í átt frá hefðbundnum greinum s.s. fiskiðnaði og landbúnaði, að iðnvæðingu í gervi álbræðslu.
- Í byrjun hins s.k. „góðæris“, fyrir rúmum 10 árum, hófust umræður um þessa atvinnuþróun meðal sveitarstjórna á Austurlandi, áhugasamra stórfyrirtækja og miðlægra stjórnvalda. Niðurstaðan varð bygging Kárahnjúkavirkjunar og álvers Alcóa á Reyðarfirði á fyrsta áratug þessarar aldar.


Íbúafjöldi á Austurlandi á síðustu öld, fram að síðasta áratug aldarinnar

(samkv. uppl. frá Hagstofu Íslands)



Íbúafjöldi á Austurlandi, 1971-1997

27 sveitarfélög




- Seyðisfjörður
- Neskaupstaður
- ▲— Eskifjörður
- ✱— Skeggjastaðahr
- Vopnafjörður
- Hlíðarhreppur
- +— Jökuldalshreppur
- +— Fljótisdalshreppur
- +— Fellahreppur
- +— Tunguhreppur
- +— Hjaltastaðahreppur
- +— Borgarfjörður eystri
- ✱— Skriðdalshreppur
- ✱— Vallahreppur
- Egilsstaðir
- +— Eiðahreppur
- +— Mjóifjörður
- +— Reyðarfjörður
- +— Fáskrúðsfjarðahreppur
- +— Fáskrúðsfjörður
- +— Stöðvarfjörður
- ✱— Breiðdalsvík
- ✱— Djúpivogur
- +— Bæjarhreppur
- +— Borgarhafnarhreppur
- +— Hofshreppur
- Hornafjarðarbær
- Austurland

Íbúafjöldi í sveitarfélögum á Austurlandi, 1990-2011, breytist með sameiningum, sem byrja 1992 og lýkur 2005


Ár	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Seyðisfjörður	981	919	898	879	866	830	831	799	805	827	796	773	750	742	717	731	726	716	717	717	706	668
Neskaupstaður	1738	1681	1635	1619	1649	1651	1606	1645	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.
Eskifjörður	1056	1036	1060	1055	1064	1006	1039	1004	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.
Fjarðabyggð	.	.	.	.	.	.	.	.	3297	3187	3096	3062	3056	3110	3181	3895	5705	5111	4736	4723	4641	4583
Skeggjastaðahreppur	132	129	132	134	160	148	142	151	145	155	156	141	138	133	132	125	.	.	.	.	.	.
Vopnafjarðarhreppur	908	912	888	886	897	875	872	846	821	786	757	742	761	741	727	725	712	701	674	674	683	668
Hlíðarhreppur	98	90	88	85	82	86	87	81	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.
Jökuldalshreppur	166	165	152	151	156	145	143	140	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.
Fljótshlíðarhreppur	118	113	113	117	111	109	109	100	96	87	86	82	84	93	242	355	524	366	143	135	89	80
Fellahreppur	391	415	431	430	433	442	441	445	440	443	444	457	447	471	.	.	.	.	.	.	.	.
Tunguherppur	99	95	92	94	96	97	90	91	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.
Hjaltastaðarhreppur	86	83	81	74	73	70	61	71	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.
Borgarfjarðarhreppur	215	207	201	189	183	176	178	153	152	142	146	150	140	140	136	146	146	146	142	142	134	141
Norður-Hérað	.	.	.	.	.	.	.	.	312	310	322	312	281	318	.	.	.	.	.	.	.	.
Skriðdalshreppur	110	104	103	96	79	85	85	91	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.
Vallahreppur	166	166	163	148	153	157	152	140	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.
Egilsstaðir	1457	1482	1508	1560	1599	1580	1646	1637	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.
Eiðahreppur	153	163	161	152	153	142	141	131	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.
Mjóafjarðarhreppur	32	38	36	34	30	29	28	27	27	31	30	31	36	37	38	42	.	.	.	.	.	.
Norðfjarðarhreppur	85	84	90	87	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.
Reyðarfjarðarhreppur	727	746	742	718	691	699	698	682	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.
Fáskrúðsfjarðarhreppur	95	92	95	92	90	89	79	83	82	75	63	63	57	54	51	48	.	.	.	.	.	.
Búðahreppur	757	757	720	737	700	711	657	632	616	581	574	569	570	.	.	.	.	.	.	.	.	.
Stöðvarhreppur	343	339	313	318	288	275	290	295	268	277	270	257	276	.	.	.	.	.	.	.	.	.
Breiðdalshreppur	351	349	335	330	332	337	306	300	290	272	273	271	267	258	249	232	244	218	197	197	210	199
Beruneshreppur	79	71	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.
Búlandshreppur	456	456	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.
Geithellnahreppur	71	69	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.
Djúpavogshreppur	.	.	590	591	582	590	558	538	495	504	524	521	500	493	479	458	463	450	456	454	443	447
Austur-Hérað	.	.	.	.	.	.	.	.	1992	2032	2023	2031	2063	2141	.	.	.	.	.	.	.	.
Austurbyggð	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	855	869	859	.	.	.	.	.
Fljótshlíðarhérað	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	3338	3905	4644	4073	3707	3695	3467	3401
Bæjarhr., Skaftafellssýslu	51	54	51	51	50	47	47	57	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.
Nesjahreppur	301	314	321	341	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.
Höfn	1668	1717	1744	1751	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.
Mýrah., Skaftafellssýslu	92	96	85	87	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.
Borgarhafnarhreppur	115	115	109	110	112	111	113	113	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.
Hofshr., Skaftafellssýslu	119	123	121	119	117	114	108	109	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.
Hornafjarðarbær	.	.	.	.	2165	2178	2173	2188	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.	.
Sveitarfélagið Hornafjörður	.	.	.	.	.	.	.	.	2447	2408	2370	2336	2332	2305	2230	2189	2186	2120	2110	2103	.	.
Samtals (án Skeggjast.hr. og Hornafjarðar)	10738	10632	10495	10442	10307	10181	10097	9931	9693	9554	9404	9321	9288	9453	10027	11396	13164	11781	10772	10737	10373	10187

Sveitarfélög á Austurlandi, samkv. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, 11.12.2009



<http://www2.samgonguraduneyti.is/malaflokkar/sveitastjornarmal/frettir/nr/2784>

Íbúafjöldi á Austurlandi 1990-2011




Aukning íbúafjölda á Austurlandi og í öðrum landshlutum

Hér má sjá íbúafjölda á átta landssvæðum á Íslandi 2003 og 2009, fyrir og eftir virkjana- og álbræðsluframkvæmdirnar á Austurlandi. Raunfjöldi (vinstri y-ás) er sýndur sem stöplur, en hlutfallsleg breyting (%) fyrir hvert svæði (hægri y-ás) er sýnd sem lína.

Aukning íbúafjölda á öllu Íslandi á þessum sex árum var 11%. Meðaltal fyrir landshlutana átta var 7,8%, en þau þrjú svæði, sem skilja sig verulega frá, eru annars vegar Suðurnes (+28%), en hins vegar Vestfirðir og Norðurland vestra (-7% og -5%). Fólksfjölgun á Austurlandi (+11%) var rétt yfir meðalaukningu í landshlutunum átta, en í meðallagi miðað við landið allt.

Hb: Höfuðborgarsvæðið,
Sn: Suðurnes,
Vl: Vesturland,
Vf: Vestfirðir,
Nl v: Norðurland vestra,
Nl e: Norðurland eystra,
Al: Austurland og
Sl: Suðurland.



(Samkv. gögnum frá Hagstofu Íslands, 2011)

Atvinnuþróun á Austurlandi

- Jákvæð atvinnuþróun sýnir sig í aukinni atvinnu og velmegun, sem svo leiðir til aukins íbúafjölda. Lítið hefur borið á þessum gæðum síðan „góðærinu“ lauk, eins og sjá má m.a. af því, að heildarfjöldi íbúa hefur ekki aukist á Austurlandi, umfram önnur landssvæði. Í stað þess tekur nú við umtalsverð fækkun íbúa.
- Ein ástæða fyrir því, að íbúafjöldi hefur ekki aukist sem skyldi, eru s.k. ruðningsáhrif iðnvæðingarinnar, þ.e. að fólk á svæðinu flyst yfir í nýju störf, en þau gömlu eru lögð niður. Meir en helmingur þess fólks, sem vinnur við álbræðsluna, var þegar búsett á svæðinu og vann störf, sem nú eru horfin, mörg þeirra í fiskiðnaði og landbúnaði.
- Önnur ástæða fyrir stöðnun samfélagslegrar þróunar á svæðinu er hreinlega, að ný, varanleg störf vegna framkvæmdanna eru langtum færr en spáð hafði verið og fólk bjóst við.

Aðrar fjárhagslegar afleiðingar virkjana og álvinnslu (1)

- Atvinnuþróun á Austurlandi um síðustu aldamót gekk í fyrsta lagi út á það, að koma á stóriðju í formi álbræðslu. Þetta átti að frelsa svæðið frá hnignun.
- Ótöldum tugum miljarða króna var kostað til að byggja Kárahnjúkavirkjun og tilheyrandi mannvirki. Það var ekki einkafjármagn, sem veitt var í stífluna, heldur tók íslenska ríkið erlend lán fyrir kostnaðinum. Íslenskur almenningur stendur undir afborgunum, vöxtum og gengisbreytingum þessara lána.
- Ráðist var líka í samfélagsuppbyggingu á svæðinu, m.a. með samgöngubótum og byggingu íbúðar-, atvinnu- og félaglegs húsnæðis. Meðal helstu minnismarkja eftir þetta eru annarsvegar nýir og bættir vegir, og hinsvegar íbúðablokkir á Egilsstöðum og braggahverfi á Reyðarfirði, sem stendur autt.

Aðrar fjárhagslegar afleiðingar virkjana og álvinnslu (2)

- Þegar upp er staðið, eru sveitarfélög á Austurlandi í hæsta lagi reynslunni ríkari. Sum hafa ráðist í alltof miklar framkvæmdir og eru stórskuldug. Fá ný störf hafa komið til, íbúafjöldi er aftur á niðurleið, og mikil röskun hefur orðið á umhverfi svæðisins.
- Næstum öll orkan, sem framleidd er á Kárahnjúkum fer til álvers Alcoa á Reyðarfirði. Orkuna kaupir Alcoa á mun lægra verði en almenningur og fyrirtæki á Austurlandi og annars staðar á landinu borga fyrir sitt rafmagn.
- Allur hagnaður af álbræðslu Alcoa rennur hins vegar óskiptur til fyrirtækisins, sem er skráð erlendis. Lítið annað en leiga á aðstöðu og laun starfsmanna verður eftir á Íslandi.
- Svotil þeir einu, sem hafa hagnast, eru bankar og alþjóðafyrirtæki s.s. Impregilo og Alcoa, en eftir situr Austurland með ennið sárt.

Byggðapróun á Austurlandi stendur nú í stað, og engar raunhæfar áætlanir um framtíðina virðast vera uppi á borði stjórnvalda.

Takk fyrir áheyrnina!

Byggðapróun á Austurlandi

